

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 232/2018**

2021/EES/62/11

frá 5. desember 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/627 frá 20. apríl 2018 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0627**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/627 frá 20. apríl 2018 (Stjttð. ESB L 104, 24.4.2018, bls. 57).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/627, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 104, 24.4.2018, bls. 57.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.